

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Álfhelli 8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2025 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Álfhelli 8. Í breytingunni felst að bætt er við innkeyrslu frá Álfhelli sem er skipt upp í þrjár akstursleiðir með tveim gróðureyjum á milli.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Breiðhelli 12.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2025 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Breiðhelli 12. Í breytingunni felst að bætt er við innkeyrslu frá Breiðhelli á suðausturhorn lóðar.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi Vesturbæjar Hafnarfjarðar vegna Hraunbrúnar 26.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2025 breyting á deiliskipulagi Vesturbæjar Hafnarfjarðar vegna Hraunbrúnar 26.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að heimilt verður að rífa núverandi íbúðarhús og byggja nýtt. Grunnflötur byggingarreits stækkar og nýtingarhlutfall lóðar eykst.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 9. janúar 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner verkefnastjóri.